

Mál nr. 163/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. maí 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 26. maí 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðinni X var ekið út af vegi með þeim afleiðingum að hún valt hinn 16. desember 2020. M var farþegi í bifreiðinni og var flutt með sjúkrabifreið á bráðamóttöku sjúkráðs eftir veltuna. Við skoðun þar komu fram svokölluð miðlínueymsli í baki en full hreyfigeta og stífleiki í hálsi vinstra megin. M fékk þær ráðleggingar að leita til heilsugæslu ef einkenni væru enn til staðar eftir 10 daga. Ekki er að sjá af læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi leitað aftur til læknis fyrr en í lok desember 2021 þar sem hún kvartaði undan verk í mjóbaki og fékk síðan á árinu 2022 útgefna beiðni um sjúkraþjálfun. Í athugasemdum lækni kemur fram að einkenni frá baki hafi komið fram í febrúar 2021 og tengir lækniurinn þau einkenni við álag í vinnu frekar en umferðaróhappið.

M telur að sýnt sé að orsakatengsl séu milli umferðaróhappsins og einkenna hennar nú. Vísar M til þess að um hafi verið að ræða alvarlegt umferðarslys, háorkuárekstur, og að hún hafi ekki verið með öryggisbelti við aksturinn. M bendir á að þegar á slysstað hafi komið fram líkamleg einkenni. Einnig bendir M á að hún sé ung að aldri, aðeins 17 ára þegar slysið varð, og ósanngjarnt sé að láta hana bera hallann af því að hafa ekki leitað til lækni fyrr og telur að V eigi að bera kostnað af gerð matsgerðar vegna afleiðinga slyssins.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að ekki séu sönnuð orsakatengsl milli umferðaróhappsins og þeirra einkenna sem M finnur nú fyrir. V bendir á að í læknisfræðilegum gögnum komi fram að M hafi rúmu ári eftir umferðaróhappið leitað til lækni og kvartað undan mjóbaksverkjum og stífleika en lækniurinn hafi tengt einkenni frekar við nýtt starf fyrr á árinu en ekki við umferðaróhappið.

Álit.

Í málinu er upplýst að nokkuð tjón varð á ökutækinu X þegar því var ekið út af vegi með þeim afleiðingum að það valt. Einnig er upplýst að M, sem var farþegi í ökutækinu, hafi ekki verið spennt í öryggisbelti og að líkamleg einkenni hafi verið fyrir hendi við komu á bráðamóttöku samdægurs. Ekki koma síðan fram upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum um að M hafi leitað til lækni fyrr en rúmlega ári síðar. Í athugasemdum lækni sem hún hitti þá kemur fram að lækniurinn telur að einkenni M þá sé frekar hægt að rekja til vinnuaðstöðna en umferðarslyssins 16. desember 2020. Annað læknisfræðilegt mat liggur ekki fyrir, né upplýsingar um fyrri heilsufar M. Þrátt fyrir ungan aldur M verður ekki litið framhjá því að að hún sem tjónþoli ber sönnunarbyrði um að líkamleg einkenni hennar megi rekja til umferðaróhapps. Ekki er samfella í lækniheimsóknunum vegna einkenna eftir umferðaróhappið auk þess sem læknisfræðileg gögn benda ekki til þess að orsakatengsl séu fyrir hendi. Með vísan til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni verður ekki talið sannað að meiri líkur en minni séu fyrir því að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni þegar X var ekið út af hinn 16. desember 2020.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir